

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 09	Dagsetning	30. október 2018	Tími	12:00 – 13:00
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	GP			
Ritari	ÁG			
Fundarboð fengu	Gissur Pétursson (GP), Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Margrét Hauksdóttir (MH), Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ), Magnús Guðmundsson (MG), Ársæll Guðmundsson (ÁG), Svanhvít Jakobsdóttir (SJ) og Jóhanna Á. Jónsdóttir (JÁJ).			
Fjarverandi	MG, SJ.			
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 30. október 2018

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar (27. september 2018)

Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.

2. Nýtt launakerfi og félagsfundur FFR 6. nóvember 2018

KMR ætlaði að vera búinn að senda stjórn FFR fréttir af stöðu nýs launakerfi eigi síðar en mánudaginn 29. október 2018 en ekkert hefur heyrst frá þeim. Samþykkt að JÁJ hafi samband við KMR og kanni stöðuna.

Umræða um viðbótarlaun og launahækkanir. Stjórnarmenn sammála um að stjórn FFR þurfi að fylgja því fast eftir að launahækkanir verði framkvæmdar eins og löggin kveða á um.

Rætt um fyrirhugaðan félagsfund FFR 6. nóvember nk. og minnisblað frá Advel lögmannsstofu. Stjórnin er sammála um að gera það að tilögu sinni á félagsfundi að leitað verði til Umboðsmanns Alþingis vegna viðskilnaðar kjararáðs.

3. Auglýsingar um störf forstöðumanna

Rædd var auglýsing Mennta- og menningarmálaráðuneytis um lausa stöðu forstöðumanns.

GP upplýsti stjórnarmenn um að hann sé búinn að óska eftir fundi með ráðherra vegna málsins.

4. Morgunverðarfundur 16. nóvember 2018

FFR heldur í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og forsætisráðuneytið morgunverðarfund þann 16. nóvember 201. Viðfangsefni fundarins er: Hvernig ætla opinberir aðilar að mæta framtíðaráskorunum ?